

Reglur

um

skipstjórapróf á smáskipum.

Samkvæmt 2. gr. í lögum 10. nóvbr. 1905 um atvinnu við siglingar eru settar eptirfarandi reglur um það, hversu haga skuli prófi skipstjóra á íslenskum skipum, sem eru meira en 12 en ekki yfir 30 smálestir.

1. gr.

Hver sá, er ekki hefur leyst af hendi stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, en æskir að verða skipstjóri á íslensku skipi í innanlands-siglingum, frá 12 til 30 smálestir að stærð, skal senda bæjarfógeta skriflega beiðni um það, að mega ganga undir slíkt skipstjórapróf. Þeirri beiðni skulu fylgja þessi vottorð:

1. Kunnáttuvottorð, þess efnis, að sá, sem umsækjandinn hefur notið tilsagnar hjá, álitum hann hafa þá þekkingu í siglingafræði, að hann geti gengið undir prófið.
2. Sjóferðavottorð frá áreiðanlegum skipstjórum um það, að hann hafi stundað siglingaatvinnu minnst 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 smálestir.

2. gr.

Í prófnefnd skipar bæjarfógeti þrjá valinkunna skipstjóra, og tilnefnir hann stað og stund hvenær prófið á að fara fram; fyrir prófinu skal standa sá af nefndarmönnum, sem bæjarfógeti skipar oddvita hennar.

Heimilt er að skipa kennara prófsveinsins í prófnefndina, en eigi þann skipstjóra, er aðeins hefur rjettindi til að vera skipstjóri á skipum allt að 30 smál.

Prófa má kennarinn prófsveininn; gjöri kennarinn það ekki, prófar einn nefndarmanna hann.

3. gr.

Prófið er aðeins munnlegt. Á undan prófinu tiltekur prófnefndin spurningarnar skriflega, skulu þær vera þrjár sje aðeins einn prófsveinn, annars tveimur fleiri en prófsveinar eru. Hver prófsveinn dregur sína spurningu.

4. gr.

Fyrir svör á hverri spurningu skal prófnefndin gefa einhverja af einkunnum þeim, er hjer skulu taldar, og jafngilda þær tölum þeim, er hjá þeim standa:

ágætlega = 7	dável ÷ = 4	laklega = 1	illa ÷ = ÷ 3
ágætlega ÷ = 6	vel = 3	laklega ÷ = 0	afarilla = ÷ 5
dável = 5	vel ÷ = 2	illa = ÷ 1.	

Verði prófnefndin eigi ásátt um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammi- **42**
 stöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, er að tölugildi er næst meðaltal- **31. marz**
 inu af tölugildum einkunna þeirra, er prófnefndarmenn gáfu hver um sig; sje
 meðaltal þetta $\div 2$, verður einkunnin illa.

5. gr.

Til hins íslenska skipstjóraþrófs á smáskipum útheimtis:

Í siglingafræði:

- a. *Að kunna að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hafa þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð.*

Þekking á að marka stað skipsins á uppdrátt með afstöðumiðunum, merkjum, með merki og afstöðumiðun, með tveimur afstöðumiðunum, sem ekki eru teknar samstundis, þegar stefna og vegalengd milli þeirra er kunn (udlöben Distance), að marka stað skipsins á uppdrátt, þegar markaður er á uppdrættinum staður, sem það hefur farið frá, og kunn er stefnan, sem þaðan hefur verið sigld og hraðinn sem og tíminn, er skipið hefur verið á leiðinni, að leiðrjetta stefnu þá er stýrð er fyrir deviation, misvisun og afdrift, og að finna hve langt um líði, þangað til komist verði til tiltekings staðar, að geta fundið stefnu og vegalengd millum tveggja stada og leiðrjetta þá stefnu fyrir afdrift, misvisun og deviation; þekking á aðalreglum fyrir stækkandi uppdráttum mælikvörðum þeirra og línunum og þekking á, hvað standa eigi á sjávaruppdráttum. Þekking á handsökku og djúpsökku og hvernig þær eru notaðar í sambandi við sjávaruppdrætti.

- b. *Að kunna að nota áttavita.*

Þekking á hinum ýmsu pörtum áttavitans og mismunandi tegundum áttavita; grein á segulafli, segulnál, misvisun, deviation og hvað henni veldur; að finna rjetta stefnu og afstöðumiðun með því að hafa hliðsjón af deviation og misvisun, að ákveða misvisun af stefnu eða afstöðumiðun, þegar stefnan eða áttamiðunin er tilgreind bæði misvisandi og rjettvisandi, að ákveða deviation af stefnu eða áttamiðun, þegar stefnan eða áttamiðunin er tilgreind bæði devierandi og misvisandi.

- c. *Að kunna að nota skipshraðamæli.*

Þekking á hinum ýmsu pörtum skipshraðamælisins, og hvernig hann er brúkaður.

Alþjóðleg ákvæði.

- d. Þekking á reglum þeim, er fylgja skal til þess að komast hjá ásiglingum.

6. gr.

Við próf þetta skulu gefnar fimm einkunnir, sem sje:

Í siglingafræði: 4 einkunnir fyrir 4 munnlegar úrlausnir.

42
31. marz

Í alþjóðlegum ákvæðum: 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.

7. gr.

Enginn getur staðizt prófið nái hann eigi aðaleinkunn þeirri, er við prófið nemi tölu einkunna þeirra þrefaldaðri, sem gefnar eru.

Hin hæsta aðaleinkunn verður þannig 35 stig en hin lægsta 15 stig.

8. gr.

Hver prófsveinn, er staðizt hefur prófið, fær vottorð um það að afloknu prófi og skal það sniðið eptir þessari fyrirmynd:

N. N. (fullt nafn)

fæddur á (fæðingar-staður, -dagur og -ár) hefur staðizt

hið íslenska skipstjórapróf á smáskipum,

en til þess útheimtist:

1. að kunna að marka stað skipsins á sjávarupprætti og hafa þekkingu á sjávaruppráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
2. að kunna að nota áttavita;
3. að kunna að nota skipshraðamæli;
4. þekking á reglum þeim, er fylgja skal til að komast hjá ásiglingu;

og hlotið aðaleinkunnina
(Nafn prófstaðarins) hinn

N. N. N. N. N. N.

(undirskript prófnefndarinnar).

Hæsta aðaleinkunn er 35 stig.
Til þess að standast prófið þarf 15 st.

9. gr.

Nöfn þeirra, er undir próf ganga, skal rita í þar til gjörða bók, sem bæjarfógeti geymir; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingar-stað, -degi og -ári, svo og frá einkunn þeirri, er gefin var við prófið.

Í stjórnarráði Íslands, 31. marz 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.